

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í landi Kambshóls, Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir sumarhúsalóðir í landi Kambshóls í Svínadal, Hvalfjarðarstrandarhreppi. Skipulags- og byggingarnefnd ásamt hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fjallað um og samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundalóða í landi Kambshóls. Um er að ræða fækkun lóða í Efstaási. Breytingin felst í því að frístundalóð nr. 24 við Efstaás er felld niður og lóðir nr. 20 og 22 stækka sem því nemur, sem afmarkast á skipulagsupprætti dagsettum 19. júní 2003.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir innsend gögn skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og gerir ekki athugasemd við birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og fallist hefur verið á grenndarkynningu sem þegar hefur farið fram.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hlöðum, 8. október 2003.

F.h. hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps,

Hallfreður Vilhjálmsson oddviti.